

**105. fundur umhverfis- og framkvæmdanefndar
haldinn í fundarherbergi 4. hæð í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 11. maí 2021 og
hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Nanný Arna Guðmundsdóttir formaður, Steinunn Guðný Einarsdóttir varaformaður, Aðalsteinn Egill Traustason aðalmaður, Helga Dóra Kristjánsdóttir aðalmaður og Magnús Einar Magnússon aðalmaður.

Embættismenn:

Axel Rodriguez Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs og Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri.

Dagskrá:

1. Samþykkt um búfjárhald - 2016010004

Vegna breytinga á samþykkt um búfjárhald

Kynntar tillögur að breyttri samþykkt um búfjárhald.

2. Hæsnahald við Smiðjugötu, Ísafirði. Umsókn um leyfi fyrir 10 íslenskar hænur - 2021040041

Valur Brynjar Andersen, Smiðjugötu 8 á Ísafirði, sækir um leyfi til hæsnahalds í þéttbýli, fyrir 10 íslenskar hænur. Meðfylgjandi er undirrituð umsókn frá 14. apríl 2021. Afgreiðslu málsins var frestað á 104. fundi nefndarinnar.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila hæsnahald við Smiðjugötu 8 á Ísafirði skv. 5.gr. samþykktar um búfjárhald í þéttbýli.

4. Hverfisráð 2021 - fegrun bæjarkjarna sumarið 2021 - 2021020095

Lagt fram minnisblað Bryndísar Óskar Jónsdóttur, sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs, dags. 5. maí 2021, vegna óska og tillagna hverfisráða á Þingeyri, Suðureyri, Hnífsdal og efri bæjar og eyrar í Skutulsfirði, um fegrun bæjarkjarna sinna sumarið 2021, en lagt er til við nefndina að hún samþykki að tekið verði tillit til þessara óska við sumarvinnu í sveitarfélaginu.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd þakkar fyrir góðar ábendingar og felur sviðsstjóra að vinna málin áfram fyrir græna viku sem er fyrirhuguð er í lok mánaðarins.

5. Hverfisráð 2021 - 2021020095

Lagður fram tölvupóstur frá Sædísí Þórsdóttur f.h. Hverfisráðs Suðureyrar dags. 28 apríl 2021 vegna óska hverfisráðs um staðsetningu tjaldsvæðis á Suðureyri, ásamt tölvupósti frá Oddnýju Guðrúnu Schmidt f.h. Kvenfélagsins Ársólar á Suðureyri vegna staðsetningar ærslabelgs.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd leggur til við skipulags- og mannvirkjanefnd að heimila fyrirhugaða staðsetningu á tjaldsvæði á Suðureyri. Umhverfis- og framkvæmdanefnd leggur til við skipulags- og mannvirkjanefnd að samþykkja tillögu um staðsetningu ærslabelgs á Suðureyri.

6. Tjaldsvæði Flateyrar - rekstur - 2021050025

Framlenging á samningi um leigu á tjaldsvæðinu á Flateyri.

Sviðsstjóra er falið að ganga til samninga við núverandi rekstraraðila vegna reksturs þessa árs og leggja viðauka fyrir bæjarráð.

7. Númerslausir bílar í Ísafjarðarbæ - Málsmeðferð - 2021050028

Lagður fram tölvupóstur sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs dags. 6 maí 2021 sem sendur var á formann heilbrigðisnefndar Vestfjarða.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd felur sviðsstjóra að vinna tillögur að verkferlum og leggja fram á næsta fundi.

3. Landgræðsluáætlun 2021 -2031 og drög að umhverfismati áætlunarinnar - 2021050022

Landgræðslan, fyrir hönd verkefnisstjórnar landgræðsluáætlunar, óskar eftir umsögnum um drög að landgræðsluáætlun 2021-2031 og um drög að umhverfismati áætlunarinnar. Drög áætlunarinnar og umhverfismatsins liggja fyrir á vefsíðu Landgræðslunnar (sjá: <https://landgraedsluaetlun.land.is/>). Frestur til að skila inn umsögnum er til 14. júní næstkomandi.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:00

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Steinunn Guðný Einarsdóttir

Aðalsteinn Egill Traustason

Helga Dóra Kristjánsdóttir

Magnús Einar Magnússon

Axel Rodriguez Överby

Helga Þuríður Magnúsdóttir